

Umhverfisstofnun
Áb. 81, KI 184
19. ágú. 2010
Tilv. 18/2010 0400022

Reykjavík, 17. ágúst 2010


Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Varðar: Starfsleyfisendurnýjun olíubirgðastöðvarinnar á Reyðarfirði

Með vísan í endurnýjunarumsókn dags 8. apríl 2010 og fund með stofnuninni í dag, upplýsist hér með, í samræmi við 10 gr reglugerðar nr 785/1999.

- a) Tekið á móti, geymd og afgreidd olía og bensín auk úrgangsolíu. Mesta magn er 1.280 m³ í stærsta geymi í þró I, 1350 m³ í stærsta geymi í þró II og allt að 500 m³ af bensíni, með gegnumstreymi minna en 5.000 tonn á ári. Auk þess er tekið á móti úrgangsolíu.
- b) Meðfylgjandi er staðfest deiliskipulag fyrir svæðið
- c) Stöðin er staðsett á hafnarsvæðinu á Reyðarfirði, á eyri undir hlíð.
- d) Meðhöndluð er gasolía, UN nr 1202, bensín UN nr 1203 auk litar- og merkiefna sem uppfylla skilyrði reglugerðar um litun olíu.
- e) Losun í vatn uppfyllir 15 ppm kröfu reglugerðar 35/1994, losun VOC er í samræmi við reglugerð nr 252/1999 um varnír við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensinstöðva. Engin losun á að eiga sér stað í jarðveg.
- f) Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfispáttum, bensíngeymar eru búin yfirþrýstilokum, frárennsli fer í gegnum viðurkenndar olíuskiljur og geymar standa í lekaþróm.
- g) Olíuskiljur og yfirþrýstilokar eru virkniprófaðar í eftirliti, lagnir eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti og geymar þykktarmældir á 10 ára fresti skv reglugerð.
- h) Reglubundið eftirlit er skráð á eftirlitsblöð sem skilað er inn til aðalstöðva mánaðarlega og haldið er utan um annað eftirlit í sérstöku eftirlitsforriti á aðalskrifstofu.
- i) Helsta úrgangsmýndun er úrgangsolía sem myndast við undantöppun geyma. Sú olía fer í olíuskilju, sem tæmd er í úrgangssöfnunarkerfi stöðvarinnar og er send til endurnýtingar í endurvinnslustöðina í Örfirisey í Reykjavík.
- j) Sjá i) lið
- k) Ekki er um frekari ráðstafanir að ræða, aðrar en þær að árekstrarvörn er við veg sem liggar nálægt geymasvæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Olíudreifingar ehf.



Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Meðfylgjandi

Staðfest deiliskipulag frá Fjarðabyggð

Staðfesting á að starfsemin sé með tryggingu í samræmi við 15. gr laga nr 33/2004.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999